



Reykjavík, 21. september 2018
Fundargerð 175. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 21. september 2018 var haldinn 175. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09:10.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson í fjarveru Ásgerðar Halldórsdóttur. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri og Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnasviðs.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Brunavarnaáætlun/starfsáætlun

Slökkviliðsstjóri kynnti rafræna útgáfu brunavarnaáætlunar SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Fjárhagsáætlun

Slökkviliðsstjóri fór yfir fjárhagsáætlun SHS til næstu fimm ára, en hún byggir á verðlagsforsendum sem stjórn samþykkti á 174. fundi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fjárhagsáætlun SHS 2019-2023, dags. 21. september 2018.
- Minnisblað um drög SHS að fjárhagsáætlun 2019-2013, dags. 20.09.18.

Afgreiðsla: Fjárhagsáætlun verður sent sveitarfélögunum sem tillaga. Hún verður síðan tekin fyrir á næsta fundi stjórnar, ásamt minnisblaði um rekstrarúttekt á SHS.

3. Óleyfisbúseta

Slökkviliðsstjóri og Bjarni Kjartansson gerðu grein fyrir aðgerðum SHS vegna ófullnægjandi eldvarna í atvinnuhúsnæði sem fólk hefur tekið sér búsetu í, án viðeigandi leyfa fyrir breyttri notkun.

Afgreiðsla: Kynning.

Gunnar Einarsson
Birgir Finnsson
299

4. Lóð fyrir nýja slökkvistöð

Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu mála og kynnti mögulegar lóðir fyrir nýja slökkvistöð í staðinn fyrir stöðina við Tunguháls.

Eftirfarandi lagt fram:

- Deiliskipulag Tónahvarf 2a Kópavogi, dags. 20. júlí 2018.

Afgreiðsla: Kynning, frestað til næsta fundar.

5. Starfsreglur

Frestað mál frá síðasta fundi. Starfsreglur stjórnar skal endurskoða og samþykkja í upphafi kjörtímabils.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að vinna drög að endurskoðuðum starfsreglum út frá þeim hugmyndum sem fyrir liggja.

6. Siðareglur

Frestað mál frá síðasta fundi. Siðareglur stjórnar skal endurskoða og samþykkja í upphafi kjörtímabils.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að vinna drög að endurskoðuðum siðareglum út frá þeim hugmyndum sem fyrir liggja.

7. Persónuverndarfulltrúi

Frestað mál frá síðasta fundi. Slökkviliðsstjóri sagði frá samskiptum sínum við borgarritara vegna málsins.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að málinu, m.a. með SSH og athuga áhuga Strætó og Sorpu á að sameinast um störf persónuverndarfulltrúa á einhvern máta.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.


Næsti fundur verður föstudaginn 19. október.

Fundi slitið klukkan 10.00.

RG. AB
BSP
G. Jónsson
300

Fylgiskjöl:


- Fjárhagsáætlun SHS 2019-2023, dags. 21. september 2018.
- Minnisblað um drög SHS að fjárhagsáætlun 2019-2013, dags. 20.09.18.
- Deiliskipulag Tónahvarf 2a Kópavogi, dags. 20. júlí 2018.




Dagur B. Eggertsson



Bjarni Torfi Álfþórsson




Haraldur Sverrisson



Ármann Kr. Ólafsson



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir